

Sp.

249. Tillaga til þingsályktunar

[124. mál]

um kaup á kafbát til landhelgisgæzlu.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga í samráði við forstöðumann landhelgisgæzlunnar, hvort hagkvæmt muni að nota kafbát til landhelgisgæzlu hér við land. Ef athugun þessi leiðir í ljós, að notkun kafbáts muni heppileg leið til eflingar landhelgisgæzlunnar, er ríkisstjórninni heimilt að festa kaup á kafbát í þessu skyni og verja til þess fé úr Landhelgisgæsjóði Íslands.

Greinargerð.

Íslendingum er að vonum mikil þörf á því, að kostað sé kapps um það að verja landhelgina, að jafnan sé tiltækur sá skipa- og flugvélaostur, er afstýrt geti ágangi á þetta arðgæfa tún þjóðar vorrar. Og enn vex og stækkar það mikilsverða verkefni, er hér um ræðir, við þá útfærslu landhelginnar, sem nú er á næstu grösum.

Skipakostur sá, sem vér nú höfum yfir að ráða til þess að verja landhelgina, er, þegar frá er dregið stærsta skip flotans, Þór, mjög úreltur og kemur að litlu haldi við þetta þýðingarmikla starf. Ægir, næststærsta skip flotans, hefur hvergi nærri nægan ganghraða. Auk þess hefur hann nú um skeið verið notaður langtímum saman á ári hverju til þess að gegna öðru mikilsverðu starfi, fiskirannsóknnum, og verður við það bundinn fyrst um sinn eða meðan ekki er fengið til þess annað betra og hentugra skip, sem þó er mikil þörf á.

Hin fjögur minni landhelgisgæzluskipin eru öll, eins og þessum málum nú er komið, úrelt og alls ófullnægjandi til þess að koma nokkuð til hlítar að haldi við landhelgisgæzluna. Þau hafa hins vegar, einkum á vetrarvertíðinni, öðru mikilsverðu hlutverki að gegna, að veita fiskibátaflotanum aðstoð, þegar gangvél bilar og draga þarf báta til hafnar, svo sem oft ber við, einkum í vondum veðrum. Einnig gæti þurft á aðstoð þessara báta að halda, er farið yrði að skipta veiðisvæðum eftir því, hver veiðarfæri væru notuð þar hverju sinni.

Skipakost landhelgisgæzlunnar er því, eins og nú er komið, óhjákvæmilegt að endurnýja. Skyldi það mál athugað af gaumgæfni, hvernig þetta verði hagkvæmast gert.

Á þinginu 1955 var samþykkt tillaga, sem þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, flutti um að heimila ríkisstjórninni að hefja undirbúning að smíði varðskips. Úr framkvæmd í því hefur ekki orðið.

Eins og fyrr segir, er þess brýn og aðkallandi þörf, að efldur sé skipakostur landhelgisgæzlunnar. Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að því stefnt að ýta undir, að það verði gert. Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga þessu viðvikjandi, sem benda til þess, að kafbátur af hæfilegri stærð mundi henta hér vel til þess að gegna þessu hlutverki og að kaupverð slíks skips og útgerðarkostnaður þyrfti ekki að vaxa oss í augum.

Ég legg því til í tillögu þessari, að athugun sé látin fram fara á þessu og ef hún leiðir í ljós, að hagkvæmt sé að efla landhelgisgæzluna með þessum hætti, verði ríkisstjórninni heimilað að festa kaup á kafbát í þessu skyni og verja til kaupanna fé úr landhelgisgæsjóði. Hér er um að ræða svo brýna þörf á því, að hafnar séu raunhæfar aðgerðir í þessu máli, að eigi má með nokkru móti lengur dragast, að það sé gert. Flugvél sú, sem landhelgisgæzlan hefur til afnota, hefur komið að góðu gagni. Hefur reynslan fært oss heim sanninn um það, að fluggæzlan er mjög nauðsynlegur og sterkur liður í þessari starfsemi, það sem hún hrekkur til. Með nánú samstarfi flugvélarinnar og hraðskreiðra og hentugra gæzluskipa á að geta verið sæmilega séð fyrir verndun þeirra miklu hagsmuna þjóðar vorrar, sem tengdir eru við það, að landhelgin sé ávallt vel varin.